

Kjarval og Þorvaldur

Alvöruleysi Þorvaldar kemur greinilegast fram í glottinu sem birtist í heitinu á sýningu hans, „Ég gerði þetta ekki“. Það hefði aldrei hvarflað að Kjarval að hafa svona fyrirvara á verkum sínum.

Í viðtölum í fjölmiðlum undanfarið hefur Þorvaldur Þorsteinsson, myndlistarmaður og rit-höfundur, sagt að með einu verka sinna á yfirlitssýningunni „Ég gerði þetta ekki“ sem nú stendur í Listasafni Reykjavíkur sé hann að benda á, að sjálfsmynd Íslendinga sé ef til vill ekki lengur komin úr verkum listamanna á borð við Kjarval heldur auglýsinga- og landkynningarmyndum frá Ícelandair – og því umlíku.

Þorvaldur hefur útlístað þetta verk harla nákvæmlega í fjölmiðlum og það hefur sést vel í sjónvarpi. Verkið er gert úr auglýsingamyndum frá Ícelandair, og málverkum Fjallamjólks eftir Kjarval.

VIÐHORF

Eftir Kristján G. Arngrímsson

kga@mbl.is

Auglýsingamyndirnar og málverkið hlið við hlið krefjast þess að vera bora saman, og það má gera á ýmsan máta. Manni verður hugsað um muninn á málverki og ljósmynd, list og auglýsingum, mismunandi sýn listamannsins og ljósmyndarans á landið, mismunandi hvótum sem liggja að baki listaverkinu annars vegar og auglýsingunni hins vegar; svo má fara út í síðferðislegar þælingar og spyrja hvort listaverkið eða auglýsingin hafi jákvæðari áhrif á hugmyndir áhorfandans um Ísland.

Einnig er hægt að kafa enn dýpra – eins og Þorvaldur stíngur reyndar sjálfur upp á í veggtexta á sýningunni – og líta á listaverkið og auglýsingarnar sem mismunandi tjáningu á sjálfsmynd Íslensku þjóðarinnar. Ef maður samþykkir uppástungu Þorvaldar um að líta svona á verk hans er hægt að feta sig áfram í nokkrar áttir. Til dæmis má spyrja í hverju þessi munur sé fölginn, af hverju breytingin hafi orðið, og líka fara út í síðferðspælingu og velta því fyrir sér hvort breytingin sé af hinu góða eða óheillaskref. (En það er auðvitað líka hægt að láta bara staðar numið við útlistun Þorvaldar, segja „já, einmitt“ og fara að hugsa um annað).

Sleppum síðferðisþælingunni og hugum að hinum spurningunum tveim. Í hverju er þessi munur fölginn og af hverju hefur breytingin orðið? Það blasir við að þjóðarsjálfsmynd sem spröttin er úr listaverkum byggist á persónulegri tjáningu listamanna sem upplifa landið. Markmið þeirra er ekki annað en að mála mynd. Þeir eru ekki að hugsa sérstaklega um áhorfandann, gerir maður ráð fyrir. En sjálfsmynd sem komin er úr auglýsingum byggist aftur á móti á ópersónulegri tjáningu sem er hönnuð á auglýsingastofu sem hefur það að markmiði að vekja athygli á söluvöru (Íslensku landslagi). Niðurstaðan er þá sú, að breytingin sem orðið hefur á sjálfsmynd þjóðarinnar og Þorvaldur dregur fram í þessu verki

er fölginn í markaðsvæðingu. Það ætti svo sem ekki að koma á óvart.

Kannski þarf ekki að leita sérstaklega að svari við seinni spurningunni (hvað hafi valdið þessari breytingu); það blasir við þegar svarið við fyrri spurningunni er ljóst: Markaðsvæðing. Þetta er ekki stór sannleikur í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á íslensku samfélagi á undanföllum áratugum. Líka mátti segja að breytingin á sjálfsmynd Íslendinga sé í samræmi við þá almennu breytingu sem varð í hugmyndaheimi Vesturlanda á síðustu öld, er áherslan á mikilmennti – áhrifamikla einstaklinga – véc fyrir áherslu á ytri og efnahagslegar aðstæður. Ef maður heldur sig innan ramma verks Þorvaldar má segja að áherslan hafi færst af Kjarval (mikilmenninu) yfir á tæknilegar framfarir í farþegaflugi (ytri aðstæður) og möguleika á tekjum af ferðaþjónustu (efnahagslegar aðstæður).

En kannski er áhugaverðasta spurningin samt sú, þegar öllu er á botninn hvolft, hvaða breyting hafi orðið á sjálfsmynd listamanna með þessari almennu breytingu í hinum vestræna hugarheimi. Og sýning Þorvaldar í Listasafni Reykjavíkur er ef til vill fyrirtaks vettvangur til að velta þeirri spurningu fyrir sér, einmitt vegna þess að hann hefur fengið Fjallamjólks Kjarvals að láni og maður getur umsvifalítið borið list Kjarvals saman við list Þorvaldar sjálfs. (Svona eins og Þorvaldur ber list Kjarvals saman við auglýsingar Ícelandair).

Það fyrsta sem manni dettur í hug, er að í verki Kjarvals sé alvara sem ekki sé að finna í verkum Þorvaldar. Þetta alvöruleysi Þorvaldar kemur greinilegast fram í glottinu sem birtist í heitinu á sýningu hans, „Ég gerði þetta ekki“. Það hefði aldrei hvarflað að Kjarval að hafa svona fyrirvara á verkum sínum. Hann tók þau alvarlega, og sjálfan sig alvarlega sem listamann. Og hann tók það mjög alvarlega að verkin hans væru hans eigin sköpun. Kannski vegna þess að efniviður hans var landið sjálft. Það var enginn milliliður.

Fyrirvarinn í verkum Þorvaldar birtist nefnilega líka í því, að þau eru (mörg hver, að minnsta kosti) unnin úr verkum annarra. Til dæmis málverki Kjarvals og auglýsingamyndum Ícelandair. Hann notar þannig gjarnan milliliði, og því kannski ekki nema von að hann slái varnagla við því að um sé að ræða hans eigin verk.

Breytingin á sjálfsmynd listamanna frá Kjarval til Þorvaldar er þannig ef til vill fyrst og fremst fölginn í minnkuðu mikilvægi frumleika og auknum hlut endurvinnslu. En óneitanlega læðist að manni sá grunur, að breytingin sé einnig sú, að Kjarval hefði staðið við sín verk, hvað sem tautaði og raulaði, en Þorvaldur sé alltaf í viðbragðsstöðu, tilbúinn til að hlaupast á brott frá sínum.


Þjóðgarður norðan Vatnajökuls

Steingrímur J. Sigfússon skrifar um tillögur um stofnun þjóðgarðs

UNDIRRITAÐUR átti sæti í nefnd sem í maí sl. skilaði tillögum til umhverfisráðherra um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan Vatnajökuls. Niðurstaða nefndarinnar, sem var einróma í tillögum sínum, er að þegar verði hafist handa um undirbúning að stofnun þjóðgarðs sem taki til viðeigandi hluta Vatnajökuls og viðattumikilla svæða norðan hans og allt til sjávar með Jökulsá á Fjöllum. Yrði hér um að ræða stærra svæði sem tekið yrði undir þjóðgarð eða tiltekna verndun heldur en aður hefur verið til umræðu á Íslandi og það svo miklu munar. Aðalsvæði hins nýja þjóðgarðs, eða verndarsvæðis, yrðu þrjú. Það er frá því sunnan Vonarskarðs með Tungna-fellsjöki og viðeigandi hlutum Vatnajökuls um Ódáðahraun norður undir Mývatnsfjöll og austur fyrir vatnasvið Jökulsár á Fjöllum, allt að Kringilsárrana. Annað megin svæði yrði stækkaður núverandi þjóðgarður í Jökulsárgljúfrum og svæði upp með Jökulsá beggja vegna, að eldfjallaþjóðgarðinum að urnefnda í Ódáðahrauni. Þriðja svæðið yrði Vesturöræfi, Snæfell og Eyjabakkur, sem rynnur saman við friðað svæði á Lónsöræfum.

Hvað snertir uppbyggingu og rekstur þjóðgarðsins eru einnig lögð til ýmis nýmæli. Tengist það bæði aukinni aðild og þátttöku heimamanna í svæðisbundinni stjórnum og umtalsverðri uppbyggingu svo sem svæðis- og jaðarmiðstöðva, þar sem lögð er sérstök áhersla á eflingu ferðaþjónustu og annars atvinnulífs. Markmiðið er nýting svæðanna sem fellur að verndun þeirra og að sömuleiðis sé

tryggt samræmd heildarstjórn og ábyrgð umhverfisyrvalda þannig að alþjóðlegum skilyrðum og skilgreiningum um þjóðgarða sé í hviðvetna fullnægt. Er þannig leitað málamíðlana milli þessara tveggja sumpart gagnstæðu markmiða, að tryggja þátttöku og aðild og virk áhrif heimamanna í svæðisbundnum málveinum innan þjóðgarðsins en um leið samræmda heildarstjórn, samræmda stefnumótun og yfirumsjón og ábyrgð með vernd svæðanna af hálfu hins opinbera.



Steingrímur J. Sigfússon

Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum

Fyrir utan stærð svæðisins sem hér er undir er tvímælaust merka nýmælið í tillögum nefndarinnar tillagan um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Er þar ekki aðeins verið að tala um Jökulsá sjálfa heldur einnig vatnasvið hennar eftir því sem við verður komið, þar með talið allar helstu þverár eins og Kverká, Kreppu og Svartá. Með friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum og þverár með óbreyttum rennslisáttum yrði brotið í blað á sviði vatnsverndar og verndunar vatnsfalla á Íslandi. Og ekki má seinna vera. Kemur þar hvort tveggja til að Jökulsá á Fjöllum er næsta einstæð í sinni röð á Íslandi með einhverri merkustu fossaröð, ekki aðeins Íslands, heldur Evrópu og heimsins, þar sem eru Selfoss, Dettifoss og Hafragilsfoss. Allt umhverfi árinna geymir einnig mikla sögu um hamfarahlaup og landsmótun við einstakar jarðfræðilegar aðstæður. En hitt skiptir ekki síður máli að með virkjun annarra stórra jökuláa sem ýmist hefur þegar verið ráðist í eða er fyrirhugað, er sérstaða Jökulsár á Fjöllum orðin enn meiri en ella. Í reynd er hún á góðri leið með að verða síðasta völduga jökulfljótið í flokki hinna

Á næstu mánuðum er mikilvægt að tillögur nefndarinnar fái góða kynningu... 6

aurugu eða dökkmórauðu sem enn rennur ósnortin og óáreitt til sjávar.

Sérstök ástæða er til að fagna þeirri samstöðu sem tókst um þessa tillögu í nefndinni. Vonandi verður nú ekki aftur snúið og sá draumur að veruleika á næstu árum að þetta stóra svæði, norðanverður Vatnajökull (og auðvitað einnig Vatnajökull í heild og svæði austan hans og sunnan) og hin viðattumiklu óbyggðasvæði norður af honum, ásamt Jökulsá á Fjöllum og vatnasviði hennar til sjávar, verði allt saman friðlýst. Framtíðarsýnin er að Vatnajökull og ýmis aðliggjandi svæði austan, sunnan og suðvestan ásamt hinni miklu víðáttu norðan- og norðaustan sem hér hefur verið til umfjöllunar verði allt í heild sinni tekið undir sérstaka vernd sem þjóðgarður, verndarsvæði, á mismunandi stigum og þar með tekið frá til landnýtingar sem samræmist ævarandi verndun svæðisins.

Á næstu mánuðum er mikilvægt að tillögur nefndarinnar fái góða kynningu og skapi umræðu, ekki síst meðal heimamanna og íbúa aðliggjandi svæða. En allir áhugamenn um náttúruvernd, ferðaþjónustu og yfirleitt landnýtingu af því tagi sem samrýmist markmiðum sjálfbærrar þróunar, hljóta einnig að láta sig málið varða. Höfuðstóllinn, sem fölginn er í því sem eftir er af ósnortinni náttúru landsins, ekki síst hinum viðattumiklu hálandssvæðum og víðernum sem við höfum enn í höndum okkar til að varðveita í stað þess að spilla, er í gæslu okkar allra.

Höfundur er formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.

Ritskoðun RÚV

Dr. Dietrich Fischer skrifar um RÚV

TIL þeirra er málið varðar: Dagana 11.–13. maí var ég staddur á Íslandi. Ríkissjónvarpið tók 45 mínútna viðtal við mig í tengslum við komandi forsetakosningar hér á landi. Þar sem viðtal þetta fór fram á ensku átti það að vera birt með íslenskum texta. Því var útsendingunni frestað. Ég heyrði rétt í þessu frá Ástþóri Magnússyni (ég styð málstað hans í friðarmálum) og hann tjáði mér að einungis tíu mínútna brot úr viðtalinu hefði verið birt í sjónvarpinu í kvöld og var þar ekki minnst einu orði á áherslupætti mína um það hvernig forsetaembætti Íslands gæti beitt sér í friðarmálum á alþjóðavettvangi né heldur var minnst á hvað Ástþór Magnússon hyggt gera ná hann kjöri. Ég nefndi og studdi eftirtalin þrjú markmið hans en heyrði að þau hefðu öll verið tekin út úr viðtalinu:

- (1) að koma á fót stofnun í lýðræðisfræðum sem muni stuðla að virkara lýðræði, sem fyrirmynd fyrir alla heimsbyggðina;
- (2) að breyta bandarísku herstöðinni á Íslandi í höfuðstöðvar

friðargæsluliðs Sameinuðu þjóðanna;

- (3) koma á friðarstofnun þar sem leitað verður úrlausna á málum deiluaðila víða að úr heiminum þar sem þeir geta hist ásamt reyndum sáttasemjum.

Einnig benti ég á að þrátt fyrir að Ísland sé lítið land gæti það samt sem áður haft mikið forskot í að stuðla að friði. Ég minntist á tvo forseta í þessu sambandi:

Árið 1973 bauð forseti Finnlands, Urho Kekkonen, öllum ríkisstjórnnum í Evrópu til ráðstefnu í Helsinki um öryggi og samvinnu í Evrópu, sem stóð til 1975, og undirbjó jarðveginn fyrir endalok kalda stríðsins.

Árið 1986 fundaði forseti Costa Rica, Oscar Arias Sanchez, með öðrum forsetum Mið-Ameríku og gerði samkomulag sem undirritað var af öllum forsetunum, sem endaði Contra-stríðið í Nicaragua, og varð að grundvelli annarra svipadrá friðarsáttmála í El Salvador og Guatemala.

Ég skýrði frá því að Ástþór Magnússon myndi, ef hann yrði kosinn forseti Íslands, nota þau tækifæri sem gæfast sökum stöðu hans, til að koma Íslandi á kortið sem uppsprettu friðar í heiminum.

Mér var tjáð að öllum þessum þáttum, sem voru kjarni umræðu minnar, hefði verið sleppt þegar hluti viðtalsins var sýndur í sjón-

Ég vonast til að útgáfa viðtalsins við mig verði birt í fullri lengd og óritskoðuð fyrir kosningarnar 26. júní... 6

varpinu í kvöld. Ég verð að játa að ég er hneykslaður. Þessi leið til að hindra frjálsa og opna umræðu minnir einna helst á herferðina í Júgoslavíu árið 1992 þar sem talsmanni friðar, Milan Panic, var aftrað frá að kynna friðarstefnu sína fyrir kjósendum vegna þess að fjölmiðlum þar í landi var alfaríð stjórnað af stuðningsmönnum þáverandi forseta landsins, Slobodan Milosevic.

Ég vonast til að útgáfa viðtalsins við mig verði birt í fullri lengd og óritskoðuð fyrir kosningarnar 26. júní, til þess að gefa íslenskum kjósendum kost á að ákveða sjálfir hvort þeir séu sammála eða ósammála þeim skoðunum sem ég lét í ljós, í stað þess að einhver komi fram við kjósendur eins og börn sem ákveðið er fyrir hvað þau mega sjá og hvað ekki.

Ég er þakklátur fyrir það tækifæri sem ég fékk til að tjá mínar skoðanir, en ég varð samt sem áður fyrir vonbrigðum þegar þær voru afskræmdar með því að klippa burtu kjarnann í máli mínu. Með bestu kveðjum.

Höfundur er framkvæmdastjóri miðstöðvar European University í friðarrannsóknum.



Dietrich Fischer